

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1619  
komudagur 30.3.'98

**SJÁLFSBJÖRG**  
FÉLAG FATLAÐRA Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Félagsmálanefnd Alþingis  
Kristín Ástgeirsdóttir formaður  
Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

25. mars 1998

**Efni: umsagnir um frumvörp um húsnæðismál og byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.**

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar tvö frumvörp, nr. 507 um húsnæðismál og nr. 508 um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Rétt er að taka fram að stjórn Sjálfsbjargar gafst ekkert tækifæri að koma að samningum þessara frumvarpa  
Þá er tími til umsagnar mjög stuttur og nánast útilokað að gera frumvarpi með greinargerð upp á rúmar 100 síður, tæmandi skil. Við fljótlega skoðun virðist sem ákvæði er varðar sérlán fyrir fatlaða til breytinga á húsnæði sé fallið út.

Með tilliti til þessa leggur Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu eindregið til að afgreiðslu umræddra frumvarpa verði frestað til haustsins svo tími gefist til að fara betur ofan í þau fjölmörgu atriði, sem fram koma í því.

Virðingarfyllt,  
Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

*Sigurros M. Sigurjónsdóttir*  
Sigurros Sigurjónsdóttir, formaður